Vertíðarlok

Blað Knattspyrnudeildar Þórs, desember 2022

Vertíðarlok 2022

Stjórn Knattspyrnudeildar Þórs
Netfang: knattspyrna@thorsport.is

Formður: Bjarni Sigurðsson
Varaformaður: Birkir Hermann Björgvinsson
Ritari: Hlynur Birgisson
Meðstjórnandi: Sigurður Grétar Guðmundsson
Meðstjórnandi: Sævar Eðvarðsson

Stjórn Þórs/KA
Netfang: thorka@thorka.is

Formaður: Dóra Sif Sigtryggsdóttir
Ritari: Guðrún Una Jónsdóttir
Meðstjórnandi: Bjarni Freyr Guðmundsson
Meðstjórnandi: Íris Egilsdóttir
Meðstjórnandi: Nanna Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri Þórs: Reimar Helgason

Unglingaráð Knattspyrnudeildar Þórs
Netfang:
knattspyrna.unglingarad@thorsport.is

Formaður: Brynjólfur Sveinsson
Gjaldkeri: Halldóra Kristín Hauksdóttir
Meðstjórnandi: Fjalar Úlfarsson
Meðstjórnandi: Guðríður Sveinsdóttir
Meðstjórnandi: Heiðdís Rósa Sigurjónsdóttir
Meðstjórnandi: Jóhann Þórhallsson

Útgefandi: Knattspyrnudeild Þórs
Blaðið er eingöngu gefið út rafrænt.

Vinnsla efnis: Arnar Geir Halldórsson, Birkir Hermann Björgvinsson, Bjarni Sigurðsson, Gestur Arason og Þorlákur Már Árnason.

Auglýsingar:
Gestur Arason og Óðinn Svan Óðinsson.

Forsíðumyndirnar

Á forsíðunni er að finna myndir þriggja ljósmyndara sem hafa í áraraðir verið hreint ótrúlega iðnir við að mæta á leiki hjá liðunum okkar. Þessir sömu menn eiga svo megnið af myndunum inni í blaðinu.

Þetta eru þeir Páll Jóhannesson, Skapti Hallgrímsson og Þórir Ó. Tryggvason.

Skapti á myndirnar þrjár af leikmönnum Þórs efst á forsíðunni, en þar eru þeir Ingimar Arnar Kristjánsson, Ion Perelló, Bjarni Guðjón Brynjólfsson og Aron Birkir Stefánsson.

Þórir Tryggva á myndirnar af leikmönnum Þórs/KA, bæði hópmyndina og einstaklingsmyndirnar, en þar eru Margrét Árnadóttir, Sandra María Jessen og Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir. Páll Jóhannesson á hóp-myndina af Þórsurunum.

Ritnefnd Vertíðarloka vill nota tækifærið og þakka þessum mönnum og öðrum þeim sem mæta reglulega á leiki liðanna, oftast í sjálfboðavinnu, til að mynda það sem fram fer. Ljósmyndir eru þrátt fyrir allt, þótt þær séu kyrrmyndir af hreyfisporti, ómetanlegar heimildir í heimi íþróttanna.

Takk fyrir okkur!

Getum litið stolt um öxl!

Ágæti lesandi.

Ársritið ***Vertíðarlok*** lítur nú dagsins ljós og er eins og undanfarin ár eingöngu á rafrænu formi. Í blaðinu er farið yfir það helsta sem gerðist á árinu.

Enn eitt árið er að baki hjá knattspyrnufólkinu okkar og við getum litið stolt til baka. Á árinu sem er að líða tefldum við fram meistaraflokksliðum, bæði hjá körlum og konum, með mjög lágan meðalaldur. Fjölmargir ungir leikmenn hafa fengið tækifæri í meistaraflokksfótbolta, tækifæri sem þroskar þetta unga fólk og gerir það að betra knattspyrnufólki.

Árangur mælist ekki eingöngu í titlum heldur í svo mörgu öðru, meðal annars í þróun og þroska unga fólksins úr okkar eigin röðum, frá ungliðastarfinu okkar, sem fær svo í einhverjum tilvikum tækifæri til að reyna sig í heimi atvinnumennskunnar erlendis, eða með öðrum liðum hér á landi eins og mörg dæmi eru um. Grasrótarstarfið blómstrar, yngri flokkarnir okkar eru fyllilega samkeppnishæfir við það sem best gerist hér á landi. Unga fólkið úr okkar röðum vann Íslands- og bikarmeistaratitla á árinu, sjálfu sér, þjálfurunum og félaginu til sóma.

Rekstur knattspyrnudeildar er enginn dans á rósum ef litið er til fjárhagshlutans. Þar þurfum við alltaf að vera með allar klær úti,

Frá leik Þórs og Fylkis í Lengjudeildinni í sumar. Mynd: Skapti Hallgrímsson/akureyri.net.

grípa öll tækifæri sem okkur gefast og leita nýrra leiða til að fjármagna reksturinn. Okkur hefur gengið vel að halda rekstrinum í jafnvægi, en það kostar mikla vinnu, ráðdeild og útsjónarsemi.

Þór hefur notið stuðnings öflugra fyrirtækja og einstaklinga. Fyrir það erum við þakklát því án sterkra bakhjarla væri ekki hægt að reka Knattspyrnudeild Þórs.

Stjórn Knattspyrnudeildar Þórs þakkar samstarfsfyrirtækjum ómetanlegan stuðning á árinu og í gegnum tíðina. Við þökkum starfsfólki félagsins, sjálfboðaliðum, leikmönnunum og þjálfurum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Stjórn Knattspyrnudeildar Þórs þakkar fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða og óskar ykkur gæfu og farsældar á nýju ári.

Þórsarinn Aron Einar Gunnarsson lék sinn 100. A-landsleik á árinu og komst þar með í fámennan hóp leikmanna sem leikið hafa 100 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Aron Einar bar fyrirliðabandið í 1-0 tapi gegn Sádi-Arabíu en fyrsti landsleikur Arons var 2. febrúar árið 2008. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og hefur Aron meðal annars leitt íslenska landsliðið til leiks í lokakeppni EM og HM.

Aron er um þessar mundir á mála hjá Al Arabi í Katar og situr liðið á toppi deildarinnar þar í landi.

Mynd er tekin af vef KSÍ.

Aftari röð frá vinstri: Þorlákur Már Árnason þjálfari, Jónas L. Sigursteinsson markvarðaþjálfari, Sveinn Leó Bogason aðstoðarþjálfari, Nikola Kristinn Stojanovic, Alexander Már Þorláksson, Sigurður Marinó Kristjánsson, Sigfús Fannar Gunnarsson, Ragnar Óli Ragnarsson, Birgir Ómar Hlynsson, Bjarni Guðjón Brynjólfsson, Elvar Baldvinsson, Orri Sigurjónsson, Fannar Daði Malmquist Gíslason, Gestur Arason liðsstjóri, Arnar Geir Halldórsson aðstoðarþjálfari, Páll Hólm Sigurðarson styrktarþjálfari.

Fremri röð frá vinstri: Ingimar Arnar Kristjánsson, Páll Veigar Ingvason, Harley Bryn Willard, Vilhelm Ottó Biering Ottósson, Ion Perelló Machi, Auðunn Ingi Valtýsson, Bjarki Þór Viðarsson fyrirliði, Aron Birkir Stefánsson, Kristófer Kristjánsson, Birkir Ingi Óskarsson, Hermann Helgi Rúnarsson og Viðar Már Hilmarsson.

Leikmenn sem spiluðu með meistaraflokki í sumar en eru ekki á myndinni: Aron Ingi Magnússon, Ásgeir Marinó Baldvinsson, Elmar Þór Jónsson, Jewook Woo, Jordan Damachoua og Sammie Thomas McLeod.

Myndir: Páll Jóhannesson.

Meistaraflokkur Þórs 2022

Gríðarlegar breytingar

Þorlákur Árnason þjálfari

Það urðu gríðarlega miklar breytingar á leikmannahópi Þórs haustið 2021. Margir leikmenn hurfu á braut og þó nokkrir af þeim voru með mikla reynslu. Liðið sótti sér fáa leikmenn og treysti frekar á eigin leikmenn sem höfðu verið lánaðir út árið áður og á yngri leikmenn sem voru að koma upp í félaginu.

Af 11 leikjahæstu leikmönnum 2021 voru einungis þrír leikmenn sem voru með þeim 11 leikjahæstu árið 2022. Við höfum því á einu ári fyllt inn í átta leikstöður í liðinu, það er eins og flestir gera sér grein fyrir gríðarlega miklar breytingar.

Undirbúningstímabilið gekk í heildina vel. Þórsliðið spilaði sína bestu leiki gegn efstudeildarliðum eins og Breiðabliki, Stjörnunni og ÍA en leikir gegn liðum í sömu deild og neðar voru misjafnir. Það má þó segja að væntingar hafi verið töluverðar þar sem að það voru teikn á lofti um betri tíð.

Keppnistímabilið var í heildina Þórsliðinu gríðarlega erfitt en einnig skemmtilegt og lærdómsríkt. Fyrri umferðin var slök af okkar hálfu þar sem við fengum 11 stig í 11 leikjum og vorum í 10. sæti af 12 liðum. Liðið átti inn á milli ágætis leiki en skorti stöðugleika og liðsheild til þess að taka fleiri stig.

Seinni umferðin var góð af hálfu liðsins og með komu Alexanders Más og Ions Perelló fór að myndast gott jafnvægi í liðinu í vörn og sókn og spilamennska liðsins varð mun betri. Það er ekki algengt að jafn ungt lið og Þórsliðið er nái að snúa slæmu gengi við líkt og strákarnir gerðu í sumar. Þórsliðið fékk aðeins átta mörk á sig í síðustu tíu leikjum mótsins og liðið sigraði bæði toppliðin Fylki og HK heima.

Niðurstaðan varð því 30 stig í 22 leikjum og 6.-7. sæti í deildinni.

Árangur félaga í meistaraflokki byggist á tveimur þáttum, þróun leikmanna og að vinna leiki.

Hvað varðar þróun einstakra leikmanna þá er hefur það gengið mjög vel. Það eru ansi mörg ár síðan að Þór hafi átt jafn marga unga og efnilega leikmenn.

Aftasta röð frá vinstri: Perry John James Mclachlan þjálfari, Þóra Reyn Rögnvaldsdóttir markvarðaþjálfari, Steingerður Snorradóttir, Una Móeiður Hlynsdóttir, Sandra María Jessen, Unnur Stefánsdóttir, Hannes Bjarni Hannesson sjúkra- og styrktarþjálfari.

Miðröð frá vinstri: Haraldur Ingólfsson, Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir, Ísfold Marý Sigtryggsdóttir, Andrea Mist Pálsdóttir, Angela Mary Helgadóttir, Amalía Árnadóttir, Jakobína Hjörvarsdóttir, Arna Eiríksdóttir og Jón Stefán Jónsson þjálfari.

Fremsta röð frá vinstri: Iðunn Rán Gunnarsdóttir, Hulda Ósk Jónsdóttir, Tiffany McCarty, Sara Mjöll Jóhannsdóttir, Hulda Björg Hannesdóttir fyrirliði, Harpa Jóhannsdóttir, Saga Líf Sigurðardóttir, María Catharina Ólafsdóttir Gros og Margrét Árnadóttir.

Leikmenn sem vantar á mynd: Snædís Ósk Aðalsteinsdóttir, Rakel Sjöfn Stefánsdóttir, Agnes Birta Stefánsdóttir, Arna Kristinsdóttir, Krista Dís Kristinsdóttir, Hulda Karen Ingvarsdóttir, Vigdís Edda Friðriksdóttir, Sonja Björg Sigurðardóttir og Bríet Jóhannsdóttir.
Mynd: Skapti Hallgrímsson/akureyri.net.

Lengi í fremstu röð

Mikið hefur verið um breytingar í leikmannahópnum hjá Þór/KA á hverju ári undanfarin ár. Nýir erlendir leikmenn hafa komið og farið, auk þess sem reyndar heimakonur hafa farið annað. Meðalaldur leikmanna hefur lækkað og reynslan innan liðsins minni en oft áður.

Eftir að hafa lengi verið í allra fremstu röð og toppbaráttu á hverju ári mörg ár hefur Þór/KA þurft að berjast í neðri hluta efstu deildar undanfarin þrjú sumur. Það hefur verið þroskandi og lærdómsríkt fyrir hinn unga hóp, sem mun skila sér fyrr en varir.

Félagið tók þátt í fimm meistaraflokksmótum, Bestu deildinni, Mjólkurbikarnum, Lengjubikarnum, Faxaflóamótinu og Kjarnafæðimótinu. Tvö þau síðastnefndu teljast þó ekki með sem fullgild KSÍ-mót og lúta þau öðrum reglum varðandi gjaldgengi leikmanna. Leikir í þessum mótum eru ekki taldir með í skráningu meistaraflokksleikja á vegum KSÍ.

Kjarnafæðismótið var ekki

Gjöf sem hittir alltaf í mark

klárað að fullu í byrjun árs og brugðu mótshaldarar á það ráð að láta bikarleik tveggja liðanna, Völsungs og FHL, í maí gilda sem leik í Kjarnafæðismótinu. Leikskýrsluna má finna undir Mjólkurbikarnum, en úrslit leiksins einnig færð inn í Kjarnafæðismótið. Þannig má segja að sami leikur hafi verið „spilaður“ 6. febrúar og 10. maí.

útivelli í átta liða úrslitum. Margrét Árnadóttir skoraði tvö mörk í bikarkeppninni og þær Andrea Mist Pálsdóttir, Hulda Ósk Jónsdóttir, Sandra María Jessen og Tiffany McCarty eitt hver, en eitt mark var sjálfsmark andstæðings.

Þór/KA (og Þór/KA/KS) á að baki 22 tímabil í efstu deild, þar af hefur liðið verið samfleytt frá 2006, eða í 17 tímabil. Á árunum 2008 til og með 2019 var Þór/KA eina liðið sem var öll árin í einu af fjórum efstu sætum deildarinnar.

deildarinnar þrjú undanfarin sumur, eftir að hafa verið í einu af fjórum efstu sætunum samfleytt á árunum 2008-2019.

Samanlagt vann liðið 13 leiki á árinu, gerði þrjú jafntefli og tapaði 16 sinnum.

Þór/KA var eina íslenska liðið sem vann Íslandsmeistarana í Bestu deildinni, en Stjarnan hafði áður unnið Val í Lengjubikarnum í vetur og Slavia Prag vann Val í fyrri leik liðanna í Meistaradeildinni.

Leikmenn Þórs/KA fagna marki í sumar. Mynd: Þórir Tryggva.

Þór/KA endaði í 2. sæti í Kjarnafæðismótinu, sem og í Faxaflóamótinu. Í Lengjubikarnum vann liðið þrjá leiki og tapaði tveimur, endaði í 3. sæti B-riðils og komst því ekki áfram í undanúrslit.

Í Mjólkurbikarkeppninni hefja liðin í efstu deild leik í 16 liða úrslitum. Þór/KA mætti Haukum á heimavelli og vann, 6-0. Liðið beið síðan ósigur gegn Selfyssingum á

Þór/KA endaði sumarið í 7. sæti Bestu deildarinnar með 17 stig eða rúmlega 0,94 stig að meðaltali í leik. Liðið vann fimm leiki, gerði tvö jafntefli og tapaði 11 leikjum, markatalan var 25-47. Liðið hefur verið að berjast í neðri hluta

Perry Mclachlan og Jón Stefán Jónsson tóku við liðinu haustið 2021, en munu ekki stýra því áfram á komandi tíimabili. Stjórn Þórs/KA hefur ráðið Jóhann Kristin Gunnarsson sem aðalþjálfara meistaraflokks. Upplýsingar um aðra þjálfara í teyminu má finna á bls. 30.

Knattspyrnudeild Þórs þakkar samstarfsfyrirtækjum gott samstarf og stuðninginn á árinu.

10 ENOR 2012 - 2022

ÍSKRAFT RAFIÐNAÐARVERSLUN

Þrif og ræstivörur

RAFEYRI alltaf í stuði!

Viðurkenningar á lokahófi hjá Þór/KA:
Margrét, Kimberley, Hulda

Keppni í bestu deild kvenna lauk laugardaginn 1. október. Þór/KA spilaði þá á útivelli, en síðan var flogið heim með Norlandair og næstum beint á lokahóf. Að venju voru veittar viðurkenningar í meistaraflokki og 2. flokki.

Alma Sól Valdimarsdóttir, Steingerður Snorradóttir, Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir og Margrét Árnadóttir.

Mynd: Skapti Hallgrímsson, akureyri.net.

Best í meistaraflokki
Margrét Árnadóttir

Efnilegust í meistaraflokki
Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir

Kollubikarinn
Hulda Björg Hannesdóttir

Best í 2. flokki
Steingerður Snorradóttir

Besti liðsfélaginn í 2. flokki
Alma Sól Valdimarsdóttir

Hulda Björg Hannesdóttir er handhafi Kollubikarsins 2022. Bikarinn er veittur til minningar um Kolbrúnu Jónsdóttur, en það voru dætur Kollu, Arna Kristinsdóttir og Ágústa Kristinsdóttir sem afhentu hann. Mynd: Skapti Hallgrímsson/akureyri.net.

Viðurkenningar á lokahófi Þórs:
Orri, Bjarni, Harley

Lokahóf Knattspyrnudeildar, vegna karlaliðsins, var haldið að kvöldi laugardagsins 17. september, eftir sigur Þórs á Fylki, deildarmeistarunum. Hófið fór fram með hefðbundnum hætti og meðal annars veittar viðurkenningar.

Orri Sigurjónsson.

Bjarni Guðjón Brynjólfsson. Mynd: Páll Jóhannesson.

Besti leikmaður
Orri Sigurjónsson

Efnilegasti leikmaður
Bjarni Guðjón Brynjólfsson

Markahæstur
Harley Bryn Willard

Harley Bryn Willard skoraði mest Þórsara í sumar. Hér er hann ásamt Ásgeiri Marinó Baldvinssyni. Mynd: Skapti hallgrímsson/akureyri.net.

Verðlaunahafar í 2. flokki ásamt þjálfara sínum, Páli Viðari Gíslasyni.

2. flokkur

Besti leikmaður: **Birkir Ingi Óskarsson**
Efnilegastur: **Ingimar Arnar Kristjánsson**
Besta hugarfar: **Viðar Már Hilmarsson**
Leikmaður leikm.: **Ragnar Óli Ragnarsson**

DFK

Þekkt er orðið slagorð Þórsara, „Deyja fyrir klúbbinn!“ sem minni spámenn hafa hermt eftir og/eða snúið út úr. Þegar á reynir standa Þórsarar alltaf saman, tilbúnir að leggja allt í sölurnar fyrir félagið, fyrir liðið sitt, ekki bókstaflega að deyja fyrir klúbbinn, en svona nánast. Stuðningsmenn eru gríðarlega mikilvægur hlekkur í keðjunni sem bindur saman íþróttafélag, eða íþróttalið, og algjörlega nauðsynlegir til að gera keðjuna sterka.

Eftir tvö erfið sumur þar sem stundum mátti mæta á völlinn og stundum ekki var sumarið í sumar ótruflað af heimsfaraldri og stuðningsfólkið mætti á leikina, hvatti leikmenn til dáða. Við getum samt alltaf gert betur því með jákvæðnina að vopni og með öflugri hvatningu til leikmanna og liðsins eru okkur allir vegir færir.

Stuðningur í formi sjálfboðavinnu er líka ómetanlegur, hvort sem um ræðir fólk sem mætir á leikina og tekur að sér hin ýmsu störf sem nauðsynleg eru til að gera umgjörð leiksins sem besta og framkvæmd leiksins þannig að sómi sé að, eða önnur störf sem nauðsynleg eru fyrir rekstur deildarinnar.

Vilt þú kannski ganga til liðs við okkur og starfa sem sjálfboðaliði á leikjum og öðrum viðburðum Knattspyrnudeildar Þórs á komandi ári? Hafðu samband með tölvupósti í netfangið knattspyrna@thorsport.is ef þig langar til að vera með.

Síðast en ekki síst er svo ljúft og skylt að nefna fólkið á bakvið tjöldin, fólkið sem vinnur hin óséðu störf á ýmsum sviðum og ýmsum stigum í kringum liðið okkar, í kringum rekstur-inn og félagið. Við eigum að öflugan hóp stuðningsmanna syðra sem er að fara af stað í vinnu tengdri fjárhagshluta rekstrar knattspyrnudeildarinnar.

Fyrir allt þetta erum við þakklát. Áfram Þór!

ADVENTUTILBOÐ

HREINDÝRA-BORGARINN

+ EKTA JÓLAGULL

ADEINS KR. 3.200.-

...OG EKKI MISSA AF SKYRJARMI ÁÐUR EN HANN FER TIL FJALLA

AKUREYRI Backpackers



Takk, Orri!

Orri Sigurjónsson hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Þór, í bili hið minnsta, en hann nýtti ákvæði í samningi sínum í lok tímabilsins og munm flytjast alfarið búferlum í Kópavoginn.

Orri hefur leikið 227 leiki fyrir Þór í öllum keppnum síðan hann lék sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir félagið sumarið 2012, en hans fyrsti deildarleikur fyrir Þór var í 2-0 sigri á Leikni á Þórsvellinum þann 12. maí 2012. Orri kom þá inn á sem varamaður fyrir Atla Jens Albertsson og hefur frá þeim degi leikið sífellt stærra hlutverk í Þórsliðinu. Orri var fyrirliði Þórs á síðasta tímabili og var valinn besti leikmaður tímabilsins í lok þess.

Auk þess að vera í lykilhlutverki í Þórsliðinu undanfarin ár hefur Orri alla tíð verið öflugur félagsmaður, boðinn og búinn til að leggja hinum ýmsu verkefnum lið. Hann hefur verið liðsfélögum sínum og öðrum iðkendum félagsins góð fyrirmynd hvað þetta varðar og er skólabókardæmi um þau gildi sem lögð er áhersla á í yngri flokka starfi félagsins, sem Orri fór sjálfur í gegnum upp alla yngri flokka.

Um leið og við þökkum Orra fyrir ómetanlegt framlag til félagsins óskum við honum góðs gengis í komandi verkefnum og erum þess fullviss um að hann hafi ekki sagt sitt síðasta þegar kemur að framlagi til félagsins.

Takk, Orri!

9-1-1
LOWSTONE
Premier League
love island
SYSTRAB
VENJULEGT FÓLK
Heill heimur
afþreyingar
í Sjónvarpi Símans Premium

Strákarnir í 3. flokki ásamt þjálfurum í Barcelona í apríl.

Aukið umfang yngri flokka í íslenskri knattspyrnu

Starf yngri flokka var í blóma á árinu 2022 og naut ungviðið þess í botn að geta loks æft og spilað hnökralaust eftir ýmis konar hömlur sem fylgdu Covid árunum á undan.

Þór tefldi fram 21 liði í Íslandsmóti yngri flokka; það er frá 2. flokki og niður í 5. flokk en líkt og undanfarin ár var samstarf milli Þórs og KA um 2. og 3. flokk kvenna. Alls léku Þórsliðin 314 leiki á Íslandsmótunum í ár og er um töluverða fjölgun á leikjum að ræða en til samanburðar léku Þórslið 272 leiki í Íslandsmótum 2021.

Ferðalög eru fylgifiskur þátttöku mótum. Hér fagna stelpurnar í Þór/KA2 í 3. flokki deildarmeistaratitli í Vestmannaeyjum.

„Um er að ræða afar mikilvægt skref í þróun fótboltans hér á landi og ekki síður mikil bragarbót fyrir yngri flokka starfið okkar.“

KSÍ er að vinna að því að lengja Íslandsmót yngri flokka og var fyrsta skrefið í þá átt stigið í ár þar sem Íslandsmót 3. flokks hófst 1. mars og lauk 30. september. Tókst tilraunin vel til og er stefnt að því að halda áfram að lengja Íslandsmót yngri flokka á næstu árum og því ljóst að leikjum mun halda áfram að fjölga. Um er að ræða afar mikilvægt skref í þróun fótboltans hér á landi og ekki síður mikil bragarbót fyrir yngri flokka starfið okkar. Það getur reynst krefjandi fyrir Akureyrarliðin að fá góð keppnisverkefni yfir vetrartímann og því stórt

Norðlenskt kofareykt hangikjöt

Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er taðreykt upp á gamla mátann, eins og gert hefur verið í sveitum landsins í gegnum aldirnar. Það hefur unnið til fjölda verðlauna og er eitt vinsælasta hangikjöt landsins.



KJARNAFÆÐI



framfararskref að geta verið að keppa í Íslandsmóti sjö mánuði ársins í stað fimm.

Fjölda leikja á Íslandsmótum hjá yngri flokkum Þórs á undanförnum árum má lesa úr grafinu hér að ofan. Auk Íslandsmótanna sóttu yngri flokkarnir stórmót hingað og þangað um landið yfir sumartímann. Þar bar hæst hjá 7. flokki drengja Norðurálsmótið á Akranesi á meðan stelpurnar í 7. flokki fóru á Símamótið í Kópavogi ásamt stelpunum í 6. flokki. Hjá 6. flokki karla fer yngri árgangurinn á Setmótið á Selfossi en eldri árgangurinn á hið goðsagnakennda Orkumót í Vestmannaeyjum. Stelpurnar í 5. flokki fara einnig til Vestmannaeyja á hið margrómaða TM-mót en strákarnir í 5. flokki keppa á N1-stórmótinu á Akureyri. 4. flokkur karla og kvenna fór á Rey-Cup í Reykjavík.

Á sumrin er æft alla virka daga á Þórssvæðinu og eru æfingar í gangi á svæðinu frá 9:00 á morgnana til 20:00 á kvöldin.

Allra yngstu iðkendurnir, það er 8. flokkur, þar sem krakkar á leikskólaaldri slá í gegn á hverju ári, fjölmenntu líka á mót sem í öllum tilfellum voru dagsmót í nærliggjandi sveitarfélögum. Metfjöldi var í 8. flokki hjá Magga Eggerts og Ölmu annað árið í röð.

Alltaf fjör í Eyjum!

Þetta er ekki tæmandi listi yfir mót sem Þórsarar sóttu innanlands árið 2022.

Okkar krakkar sóttu einnig mót erlendis því 3.flokkur karla og kvenna héldu til Spánar og tóku þátt í Barcelona Cup. Strákarnir fóru vel heppnaða ferð í apríl en stelpurnar í júní þar sem þær gerðu sér lítið fyrir og unnu mótið.

Á sumrin er æft alla virka daga á Þórssvæðinu og eru æfingar í gangi á svæðinu frá 9:00 á morgnana til 20:00 á kvöldin. Við það bætast leikir í Íslandsmóti sem eru jafnt virka daga sem og um helgar.

Auk hefðbundinna æfinga er boðið upp á sérstakar tækniæfingar fyrir ákveðna aldurshópa og hefur hinn þrautreyndi Jónas L. Sigursteinsson umsjón með þeim æfingum.

Stelpur í 6. flokki Þórs á Goðamóti í nóvember ásamt þjálfurum.

Til viðbótar við aðalþjálfara flokkanna bætast ungir aðstoðarþjálfarar við þjálfarateymin á sumrin og halda einhver áfram allt árið. Er þar um að ræða ungmenni sem koma úr yngri flokka starfinu og eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Þetta er mikilvægur liður fyrir okkur í að finna nýja, unga og upprennandi þjálfara í yngri flokka starfið í nánustu framtíð.

Knattspyrnudeild Þórs þakkar samstarfsfyrirtækjum gott samstarf og stuðninginn á árinu.

Krua Siam
TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

AKUREYRARAPÓTEK

NorðanMúr
FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN

SLIPPFÉLAGIÐ

Íslandsmeistarar 2022

Þór varð Íslandsmeistari í keppni B-liða í 5.flokki karla eftir frábæran sigur á KR á Þórsvellinum í úrslitaleik í september. Strákarnir lentu 0-2 undir en komu til baka og unnu glæstan 4-2 sigur.

Íslandsmeistarar B-liða í 5. flokki.

Efri röð frá vinstri: Birkir Hermann Björgvinsson, Hilmar Daði Jónsson, Sveinn ÁrmannLárusson, Sigmundur Ævar Ármannsson, Svavar Orri Gunnþórsson, Arnór Elí Geirsson og Steinar Logi Rúnarsson.

Neðri röð frá vinstri: Friðrik Máni Sveinsson, Hákon Bragi Heiðarsson, Vilhjálmur Jökull Arnarsson, Þórhallur Jóhannsson og Sigurður Steinberg Inguson.

Þór varð Íslandsmeistari í keppni A-liða í 4. flokki karla eftir magnaðan 5-1 sigur á FH í úrslitaleik Íslandsmótsins á Kaplakrikavelli í september.

Strákarnir spiluðu frábærlega í allt sumar og voru taplausir í sextán leikjum í deild og bikar þar til þeir biðu lægri hlut fyrir Breiðabliki í úrslitaleik bikarkeppninnar á Kópavogsvelli.

Efri röð frá vinstri: Ármann Pétur Ævarsson, Garðar Marvin Hafsteinsson, Natan Aðalsteinsson, Ásbjörn Líndal Arnarsson, Pálmi Þór Helgason, Peter Ingi Helgason, Egill Orri Arnarsson, Sigurður Jökull Ingvason, Kjartan Steinn Jónasson, Kjartan Ingi Friðriksson, Aðalgeir Axelsson. Neðri röð frá vinstri: Kári Jónsson, Ólíver Sesar Bjarnason, Hafþór Ingi Ingason, Sverrir Páll Ingason, Eiður Logi Stefánsson, Lárus Sólon Biering Ottósson, Natan Dagur Fjalarsson, Kristófer Kató Friðriksson og Brynjólfur Bogason. Fremstur situr Einar Freyr Halldórsson, fyrirliði.

Þór/KA var með algjört yfirburðalið í 3. flokki kvenna, lauk tímabilinu sem Íslands- og bikarmeistari og tapaði aðeins einum leik á öllu árinu.

Í bikarúrslitum vann liðið sætan 2-0 sigur á Breiðabliki/Augnabliki á Þórsvelli að viðstöddu fjölmenni.

Efri röð frá vinstri: Birkir Hermann Björgvinsson, Pétur Heiðar Kristjánsson, Bríet Jóhannsdóttir, Hildur Anna Birgisdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Ólína Helga Sigþórsdóttir, Amalía Árnadóttir, Anna Guðný Sveinsdóttir, Emilía Björk Óladóttir, Helga Dís Hafsteinsdóttir, Tiffany McCarty, Sonja Björg Sigurðardóttir og Ágústa Kristinsdóttir.

Neðri röð frá vinstri: Júlía Margrét Sveinsdóttir, Arna Rut Orradóttir, Emelía Ósk Kruger, Tinna Sverrisdóttir, Kolfinna Eik Elínardóttir, Angela Mary Helgadóttir, Rut Marín Róbertsdóttir, Karlotta Björk Andradóttir, Krista Dís Kristinsdóttir.

Efri röð frá vinstri: Pétur Heiðar Kristjánsson, Krista Dís Kristinsdóttir, Emelía Ósk Kruger, Bríet Jóhannsdóttir, Amalía Árnadóttir, Anna Guðný Sveinsdóttir, Ólína Helga Sigþórsdóttir, Júlía Margrét Sveinsdóttir, Birkir Hermann Björgvinsson.

Neðri röð frá vinstri: Helga Dís Hafsteinsdóttir, Kolfinna Eik Elínardóttir, Tinna Sverrisdóttir, Karlotta Björk Andradóttir, Hildur Anna Birgisdóttir, Arna Rut Orradóttir.

Kolfinna Eik Elínardóttir, í treyju númer 5, og Karlotta Björk Andradóttir, í treyju númer 16, léku sína fyrstu landsleiki með U15 í Færeyjum.

Yngri landslið

Á árinu 2022 var mikið um að vera hjá yngri landsliðum Íslands og áttu Þór og Þór/KA marga leikmenn sem boðaðir voru á landsliðsæfingar og keppni með landsliðum. Alls 13 drengir og 19 stúlkur tóku þátt í verkefnum hjá KSÍ, af þeim voru 16 sem léku landsleiki á árinu.

Leikmenn sem boðaðir voru í landsliðsverkefni á árinu 2022, eftir fæðingarári:

2003
María Catharina Ólafsd. Gros

Pétur Orri Arnarson lék sína fyrstu landsleiki með U15 í Færeyjum.

2004
Aron Ingi Magnússon
Bjarni Guðjón Brynjólfsson
Kristófer Kristjánsson
Ísfold Marý Sigtryggsdóttir
Jakobína Hjörvarsdóttir
Unnur Stefánsdóttir

2005
Iðunn Rán Gunnarsdóttir
Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir
Steingerður Snorradóttir

2006
Angela Mary Helgadóttir
Bríet Jóhannsdóttir

__Sverrir Páll__ Ingason, __Einar Freyr__ Halldórsson og __Egill Orri__ Arnarsson tóku þátt í UEFA Development móti í Slóveníu með U15.

Krista Dís Kristinsdóttir
Nökkvi Hjörvarsson
Sonja Björg Sigurðardóttir

2007
Pétur Orri Arnarson
Haukur Leo Þórðarson
Hildur Anna Birgisdóttir
Katla Bjarnadóttir
Karlotta Björk Andradóttir
Kolfinna Eik Elínardóttir
Rúnar Snær Ingason
Tinna Sverrisdóttir

2008
Egill Orri Arnarsson
Einar Freyr Halldórsson
Sverrir Páll Ingason

Í Hæfileikamótun KSÍ voru valin alls níu ungmenni frá Þór, þau Ásbjörn Líndal Arnarsson, Egill Orri Arnarsson, Einar Freyr Halldórsson, Kjartan Ingi Friðriksson, Kjartan Steinn Jónasson, Sverrir Páll Ingason Eva Dolina Sokolowska, Rósa Signý Guðmundsdóttir og Sólrún Assa Arnardóttir.

Hæfileikamótun er fyrsta þrepið í landsliðsstiganum þar sem koma saman leikmenn á fjórtánda aldursári af öllu landinu og spila leiki undir stjórn þjálfara yngri landsliðanna.

RAFTÁKN
VERKFRÆÐISTOFA

Ísfold Marý *Sigtryggsdóttir,* ***Jakobína*** *Hjörvarsdóttir og* ***Kimberley Dóra*** *Hjálmarsdóttir léku með U19 á árinu sem er að líða.*

Aron Ingi *Magnússon,* ***Bjarni Guðjón*** *Brynjólfsson og* ***Kristófer*** *Kristjánsson léku saman með U19.*

Angela Mary *Helgadóttir í treyju númer 14 með U16 landsliði Íslands.*

Við þessa upptalningu má bæta að Þórsararnir Ágúst Eðvald Hlynsson (2000), Birkir Heimisson (2000), Jakob Franz Pálsson (2003) og Kristian Nökkvi Hlynsson (2003) tóku þátt í verkefnum með U21 landsliðinu á árinu. Ágúst og Birkir voru samherjar hjá Val í Bestu deildinni á meðan Jakob Franz er samningsbundinn ítalska B-deildarliðinu Venezia og Kristian Nökkvi á mála hjá hollenska stórveldinu Ajax.

Er síminn þinn fullur af Aukakrónum?

Fjölgaði í hópi Þórsara í atvinnumennsku á árinu

Ítalía hefur verið vinsæll áfangastaður knattspyrnufólks úr okkar röðum á undanförnum árum. Jakob Franz Pálsson, sem fór út sumarið 2021, er núna á samningi hjá ítalska félaginu Venezia, en var lánaður til svissnesks félags og spilar þar um þessar mundir.

Aron Ingi Magnússon fetaði í fótspor hans í sumar, en áður var Andrea Mist Pálsdóttir, fyrrum leikmaður Þórs/KA og Þórs í yngri flokkum, hjá ítölsku liði í skamman tíma við upphaf heimsfaraldurs. Þá var Þórsarinn Egill Orri Arnarsson við æfingar hjá Torino á dögunum.

Um mitt sumar fjölgaði Þórsurum í atvinnumennsku þegar Aron Ingi Magnússon gekk til liðs við ítalska B-deildarliðið Venezia.

Um er að ræða lánssamning sem kveður á um það að ítalska félagið geti keypt Aron til sín að lánstímanum loknum eða á meðan á honum stendur.

Aron Ingi er fæddur árið 2004 og var því á miðári í 2. flokki síðasta sumar en var fastamaður í meistaraflokksliði Þórs í Lengjudeildinni. Hann spilaði níu leiki og skoraði í þeim eitt mark áður en hann hélt til Ítalíu í júlí. Alls hefur Aron Ingi leikið 18 leiki fyrir meistaraflokk Þórs eftir að hafa farið í gegnum alla yngri flokka félagsins.

Aron hefur leikið sjö leiki á tímabilinu fyrir U19 ára lið Venezia þegar þetta er skrifað en liðið situr í 5.sæti af 16 liðum eftir tólf umferðir.

Egill Orri Arnarsson í treyju Torino.

Egill Orri hjá Torino í viku

Þórsarinn Egill Orri Arnarsson hélt til Ítalíu á dögunum þar sem hann æfði með og skoðaði aðstæður hjá ítalska úrvalsdeildarliðinu Torino.

Egill Orri leikmaður með U15 ára landsliði Íslands í fótbolta sem tók þátt í UEFA Development Tournament í Slóveníu í haust og var í kjölfarið boðið til æfinga hjá ítalska félaginu.

Egill varð Íslandsmeistari með liði 4. flokks Þórs síðastliðið sumar. Egill dvaldi á Ítalíu í sex daga og æfði með unglingaliðum Torino við frábærar aðstæður.

Knattspyrnudeild Þórs þakkar samstarfsfyrirtækjum gott samstarf og stuðninginn á árinu.

ICE FRESH SEAFOOD

AK-INN

MÚREY
MÚRVERK & FLÍSALAGNIR

HEÐGUÐ BYGGIR

LJÓSGJAFINN

SJÓVÁ

TM

BÍLATORGIÐ AKUREYRI



Þór og Þór/KA í Macron

Stjórn Knattspyrnudeildar Þórs og stjórn Þórs/KA gerðu í haust nýjan fatnaðarsamning við Macron á Íslandi til næstu fjögurra ára. Macron er ört vaxandi íþróttavöruframleiðandi með höfuðstöðvar í Bologna á Ítalíu.

Msport í Kaupangi mun sjá um alla sölu og þjónustu á vörum í vörulínum Þórs og Þórs/KA í samstarfi við Macron í Reykjavík.

Þjálfarateymið hjá Þór/KA var kynnt nýlega og að sjálfsögðu skellti fólk sér í Macron-fatnaðinn. Mynd: Skapti Hallgrímsson/akureyri.net.



Skjáskot af hluta af vöruúrvali fyrir Þór og Þór/KA á macronnordurland.is.

Með samningnum lýkur fjögurra ára tímabili okkar í Nike-fatnaði, en bæði Þór og Þór/KA höfðu þar á undan notað Hummel-fatnað í fjölda ára, síðustu árin í gegnum Sport 24, en áður í gegnum forvera þess, Toppmenn og sport. Þessum fyrirtækjum færum við okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Þórsvörur og Þór/KA-vörur verða fáanlegar í Msport í Kaupangi, en einnig starfrækir Macron vefverslun, macronnordurland.is, þar sem hægt er að skoða og panta vörur.

Þór/KA þakkar samstarfsfyrirtækjum gott samstarf og stuðninginn á árinu.

Slippurinn Akureyri
Íslandsbanki
Íslensk verðbréf
TM
Kjarnafæði
Bílaleiga Akureyrar Höldur
Brynja
stefna hugbúnaðarhús
D&T Blikk og tæknþjónustan ...við blikkum með báðum
Fallorka
Rafeyri alltaf í stuði!
papco Fjáröflun
Norðurorka
Málbikun Akureyrar
Sprettur - Inn Pizzeria Grill 4 64 64 64
norlandair
ÁK Smíði
Finnur ehf Verktakar - Vélaleiga
Slippfélagið Málningarverksmiðja
Miðstöð ehf. Alhliða pípulagningaþjónusta
Sigurgeir Svavarsson ehf Húsasmíðameistari
Gúmmíbátaþjónusta Norðurlands sf.
Akureyrarapótek
KEA
pwc
Laxá Fiskafóður Síðan 1991
Goði

Þjálfarateymi knattspyrnudeilda Þórs og Þórs/KA 2022-2023

Meistaraflokkur karla
Þorlákur Árnason - aðalþjálfari
Sveinn Leó Bogason - aðstoðarþjálfari
Páll Hólm Sigurðarson - styrktarþjálfari
Stefán Ingi Jóhannsson – styrktarþjálfari
Jónas L. Sigursteinsson - markvarðaþjálfari
Gestur Arason - liðsstjóri

2. flokkur karla
Páll Viðar Gíslason
Arnar Geir Halldórsson

3. flokkur karla
Andri Hjörvar Albertsson
Kristján Sigurólason
Aðalgeir Axelsson

4. flokkur karla
Garðar Marvin Hafsteinsson
Aðalgeir Axelsson
Ármann Pétur Ævarsson

5. flokkur karla
Steinar Logi Rúnarsson
Brynjólfur Sveinsson
Pétur Heiðar Kristjánsson
Tómas Örn Arnarson

6. flokkur karla
Garðar Marvin Hafsteinsson
Andri Hjörvar Albertsson
Helgi Snær Agnarsson

7. flokkur karla
Arnar Geir Halldórsson
Aron Birkir Stefánsson
Helgi Snær Agnarsson
Tómas Örn Arnarson

Markmannsþjálfun yngri flokka
Aron Birkir Stefánsson

Tækniþjálfun
Jónas L. Sigursteinsson

Yfirþjálfari
Arnar Geir Halldórsson

Meistaraflokkur kvenna
Jóhann Kristinn Gunnarsson - aðalþjálfari
Pétur Heiðar Kristjánsson – aðstoðarþjálfari
Egill Ármann Kristinsson – styrktarþjálfari
Sigurbjörn Bjarnason – styrktarþjálfari
Aron Birkir Stefánsson – markvarðaþjálfari
Siguróli Kristjánsson - hugarfarsþjálfari

2. flokkur kvenna
Pétur Heiðar Kristjánsson
Birkir Hermann Björgvinsson

3. flokkur kvenna
Ágústa Kristinsdóttir
Hulda Björg Hannesdóttir
Birkir Hermann Björgvinsson

4. flokkur kvenna
Pétur Heiðar Kristjánsson
Birkir Hermann Björgvinsson

5. flokkur kvenna
Margrét Árnadóttir
Alma Sól Valdimarsdóttir
Arna Kristinsdóttir

6. flokkur kvenna
Garðar Marvin Hafsteinsson
Andri Hjörvar Albertsson
Margrét Árnadóttir
Sara Mjöll Jóhannsdóttir

7. flokkur kvenna
Ágústa Kristinsdóttir
Sandra María Jessen

8. flokkur karla og kvenna
Magnús Ingi Eggertsson
Alma Sól Valdimarsdóttir

Yngri flokkar Þórs á Facebook

Fyrir Þórsara sem vilja fylgjast með því hvað er í gangi í yngri flokkum félagsins hverju sinni bendum við á Facebook-síðu yngri flokkanna.

Leitið að *„Yngri flokkar knattspyrnudeildar Þórs.“*

Þar birtast reglulega fréttir, myndir eða mynd-bönd af því helsta sem er að gerast hjá yngri flokkum Þórs.

https://facebook.com/yngriflokkar

Samfélagsmiðlasíður Knattspyrnudeildar

Smellið á táknin hér að neðan til að opna samfélagsmiðlasíður knattspyrnudeildar Þórs.

ÍSLENSKIR
RAFVERKTAKAR
NÝLAGNIR • VIÐHALD • HÖNNUN

Gervigrasvöllur í kortunum?

Í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir næstu ár er gert ráð fyrir fjárveitingum vegna Þórssvæðisins árin 2024 og 2025, 180 og 185 milljónum króna. Reikna má með þessar fjárveitingar fari í að byggja upp gervigrasvöll á Þórssvæðinu. Þessar tölur eru óháðar því hvort og hvenær gervigras í Boganum verður endurnýjað enda er Boginn ekki hluti af Þórssvæðinu á sama hátt og æfingasvæðin og keppnisvöllurinn úti þó svo Boginn hafi verið byggður á Þórssvæðinu. Eins og flestum ætti að vera kunnugt er tímum í Boganum úthlutað til og hann nýttur af fleiri félögum en Þór, sem og til annarra íþróttagreina en knattspyrnu. Sá misskilningur virðist þó ótrúlega oft stýra umræðunni að fjárveitingar til viðhalds og endurnýjunar í Boganum séu fjárveitingar til Íþróttafélagsins Þórs, sem er fjarri sanni.

Viðræður og ákvarðanir bíða aðalstjórnar Þórs og fulltrúa Akureyrarbæjar, en gera má ráð fyrir að líklegasta staðsetning á gervigrasvelli sé Ásinn, æfingasvæðið suður af Boganum, við hliðina á aðalvellinum. Væntanlega munu viðræður milli félagsins og fulltrúa Akureyrarbæjar fara í gang fljótlega á nýju ári.

Hafðu það meira næs!

KEF-CPH

Akstur til KEF

Veitingar innanlands

Bensín innanlands

Bílastæði KEF

Gisting í KEF

Vinnutap/orlof

AEY-CPH

niceair.is

NICEAIR
North Iceland

Þó mikil aðsókn sé í Liverpool-skólann er alltaf tryggt með skiptingu í hópa að hver einstaklingur fær mikla athygli frá þjálfurum enda er hver hópur með einn til tvo yfirþjálfara frá Liverpool-skólanum sem njóta aðstoðar ungra þjálfara frá Þór. Myndirnar hér á þessari síðu og á neðri hluta næstu síðu eru teknar af ***Facebook-síðu Liverpool-skólans á Íslandi****.*

Liverpool-skólinn ávallt vinsæll

Liverpool-skólinn var loksins á sínum stað í sumar eftir bras og örðugleika vegna heimsfaraldurs covid-19. Knattspyrnuskóli Liverpool er fyrir iðkendur á aldrinum 6-16 ára. Síðastliðið sumar voru 90 þátttakendur í Liverpool-skólanum hjá okkur Þórsurum, en æfingarnar fóru fram í Boganum og á æfingasvæði Þórs.

Þetta var í tíunda skipti sem Liverpool-þjálfarar koma til Íslands og bjóða ungviðinu upp á þriggja daga þjálfunarbúðir sem byggðar eru á hugmyndafræði Liverpool, hins sögufræga enska knattspyrnufélags. Liverpool-skólinn kom fyrst til Íslands á vegum Aftureldingar í Mosfellsbæ sumarið 2009 og var í boði árlega fram að heimsfaraldri, en féll niður 2020 og 2021. Sumarið 2022 var þráðurinn svo tekinn upp að nýju og var það í tíunda skiptið sem skólinn var í boði á Íslandi. Við Þórsarar höfum ekki verið með frá upphafi, en Liverpool-skólinn var í fyrsta skipti í boði á hjá Þór sumarið 2014. Næsta sumar verður því áttunda skiptið sem Liverpool-skólinn verður í boði á Akureyri.

Gera má ráð fyrir að Liverpool-skólinn verði í boði með sama sniði og verið hefur á Þórssvæðinu á komandi sumri, og á svipuðum tíma og venjulega – í fyrri hluta júnímánaðar. Sjáumst í sumar!

Þórsarar hafa lagt sig fram við að gera vel við þjálfara Liverpool-skólans. Myndirnar hér að ofan voru teknar úr ferð sem Moli fór við annan mann ásamt þjálfurunum, þar sem meðal annars var komið við hjá Goðafossi og í Námaskarði. Takið eftir því sem prjónað er á bakið á peysu Mola. Myndir: Haraldur Ingólfsson.

YOU'LL NEVER WALK ALONE
LIVERPOOL FOOTBALL CLUB
EST·1892
International Academy
Iceland

A&K
PURE SKIN
HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA
AK PURE SKIN - ÍSLENSKAR HÚÐVÖRUR
Til sölu í Hagkaup,Fríhöfninni og á akpureskin.com